

Skólaráð Naustaskóla

7. fundur ársins 2011 þann 7. júní kl. 8:05

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Björk Guðmundsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Brynja Dögg Hermannsdóttir, Gyða Björk Aradóttir.

Fulltrúar nemenda: Ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Niðurstöður kannana.** Rætt um niðurstöður viðhorfakannana sem lagðar voru fyrir foreldra og nemendur nú á vordögum. Í heildina tekið eru niðurstöður jákvæðar en einnig má lesa úr niðurstöðunum veikleika sem bregðast þarf við. Skólastjóri vinnur úr þeim ábendingum og athugasemdum sem fram komu, umbótaáætlun fyrir næsta skólaár verður sett fram í ársskýrslu skólans í vor.
- 2. Útlit og horfur.** Rætt vítt og breitt um skólastarfið, stöðu ráðningamála o.fl. Fyrir liggur að ráða þrjá skólalíða til starfa, einnig matráð í samvinnu við Naustatjörn.
- 3. Starfsáætlun 2011-2012.** Skólastjórnendur vinna að gerð starfsáætlunar næsta skólaárs. Meðal nýrra kafla sem verður að finna í ritinu eru jafnréttisáætlun, móttökuáætlun, breyttur kafli um námsmat, framkvæmdaáætlanir þróunarverkefna o.fl. Starfsáætlunin verður yfirfarin á fyrsta fundi skólaráðs eftir sumarfrí.
- 4. Endurskoðun stjórnkerfis leik- og grunnskóla.** Skólastjóri kynnti niðurstöður vinnuhóps um endurskoðun á stjórnkerfi grunn- og leikskóla Akureyrarbæjar. Fyrir liggur að gefa skólanefnd álit á þeim tillögum sem koma fram í skýrslum vinnuhópsins. Rætt um að gefa starfsmannahópnum betra færi á að tjá sig um málið í ágústmánuði, jafnvel þvert á skólastig.
- 5. Önnur mál. Fulltrúi foreldra velti upp eftirfarandi spurningum:**
 - a. Er til einhver tölfræði yfir eineltismál, eru t.d. fleiri eða færri eineltismál en í fyrra?
 - b. Eru foreldrar nægilega vel upplýstir varðandi eineltismál og þá sérstaklega foreldrar gerenda
 - c. Er hægt að nýta námsrými betur til að koma til móts við rólega nemendur?
 - d. Er hugsað nægjanlega fyrir réttindum hins venjulega nemenda?Umræður urðu um spurningarnar og leitast var við að svara þeim. Varðandi eineltismál má segja að þau eru fremur fátíð, tvö mál hafa komið upp á hvoru þeirra skólaára sem að baki eru, unnið er skv. eineltisáætlun við úrlausn þeirra mála sem upp koma. Foreldrar gerenda eru upplýstir en hugsanlega þyrfti að upplýsa foreldrahópin sem heild betur þegar mál eru í vinnslu. Varðandi námsrými er því til að svara að starfsfólk skólans er að læra æ betur að nýta húsnæðið, m.a. í þessu skyni, en eflaust má gera betur. Reynt er að hafa réttindi allra nemenda að leiðarljósi og virðast t.d. niðurstöður viðhorfakannana meðal nemenda sýna að það takist í langflestum tilfellum.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur verður í ágústmánuði, skólastjóri boðar til hans.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð